

Mánudaginn 16. apríl 1934.

Nr. 43/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Lárusi Jóhannessyni (Sjálfur).

Brot gegn l. nr. 69/1928.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. febr. 1934: Kærður, Lárus Jóhannesson, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 12 daga einföldu fangelsi.

Kærður greiði og allan kostnað sakarinnar.

Hið ólöglega innflutta áfengi sé upptækt og eign ríkissjóðs.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í 1. gr. laga nr. 3 frá 4. apríl 1923, sbr. 45. gr. laga nr. 64 frá 19. maí 1930, og 2. gr. laga nr. 64/1930 er það ákveðið, hverskonar áfengi megi flytja inn í landið. Það verður að gera ráð fyrir því, að áfengi það, er í þessu máli greinir, falli undir ákvæði laga nr. 3/1923, sbr. 45. gr. laga nr. 64/1930. Með 1., sbr. 2. gr., laga nr. 69 frá 7. maí 1928 er ríkisstjórninni einni veitt heimild til innflutnings á öllu því áfengi, sem flytja má inn í landið samkvæmt framannefndum ákvæðum. Kærði hefir því með innflutningi áfengis þess, sem í máli þessu getur, gerzt brotlegur við ákvæði síðastnefndra laga, og þarf því ekki, eins og málið horfir við, að rannsaka það, hvort fyrir-mæli 2. gr. reglugerðar nr. 108 frá 6. nóv. 1931, um innflutning vina þeirra, sem í lögum nr. 3/1928, sbr. 45. gr. laga nr. 64/1930, segir, hafi næga stoð í 46. gr. síðastnefndra laga. Ber því samkvæmt

Þessu að dæma kærða til refsingar eftir 12. gr. laga 69/1928. Og með því fallast má á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að öllu leyti, ber að staðfesta hann með framangreindum athugasemdum, og þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með taldar 50 krónur í málflutningslaun til skipaðs sækjanda sakarinnar fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með taldar 50 krónur í málflutningslaun til skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmanns Sveinbjarnar Jónssonar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Lárusi Jóhannessyni, hrm., til heimilis Túngötu 3 hér í bæ fyrir brot gegn l. nr. 69, 1928 um einkasölu á áfengi, áfengislögum nr. 64, 1930 og reglugerð nr. 108, 1931 um sölu og veitingar vína þeirra, sem um ræðir í lögum nr. 3, 1923.

Málavextir eru þeir, sem nú greinir:

Með bréfi tollstjóra dags. 17. þ. m. er kært yfir því að komið hafi hingað með Gullfossi, sem hafnaði sig hér hinn 14. þ. m., kassi með 12 ½ fl. af portvíni.

Samkvæmt farmskrá skipsins reyndist viðtakandi kassans vera kærður í málinu.

Kærður hefir játað, að vera innflytjandi áfengis þessa. Tilgang sinn hefir hann talið vera þann, að fá skorið úr réttarþrætu, sem hann telur vera uppi. Telur hann að innflutningur Spánarvina sé öllum frjáls samkvæmt áfengislögunum 64, 1930 og reglugerð 108, 1931, að því leyti, sem hún er ekki byggð á lögum um einkasölu áfengis nr. 69, 1928. En hinsvegar hafi nýlega fallið bæjarþingsdómur í máli milli sin f. h. Guðmundar Þórarinssonar og Áfengisverzlunar ríkisins og ríkissjóðs út af endurgreiðslu á ólöglegri álagningu á vín og sé þar í forsendunum berum orðum sagt, að lögin um einkasölu á áfengi nr. 69, 1928 taki ekki til Spánarvina. Úr þessu hyggst mættur að fá skorið með innflutningi áfengisins.

Brot kærðs varðar að álitu réttarins við áfengislögin nr. 64, 1930, reglugerð um sölu og veitingu vína nr. 108, 1931 og lög um einkasölu á áfengi nr. 69, 1928.

Í 1. gr. laga nr. 69, 1928 er ríkisstjórninni veitt einkaheimild til innflutnings þess áfengis og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og meira er í en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli. Bann þetta er skilyrðislaust. og tekur þannig einnig til vína þeirra, sem um ræðir í lögum nr. 3, 1923, þar sem þau eru ekki undantekin berum orðum.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 108, 1931 er Áfengisverzlun ríkisins einni heimilað að flytja inn vín þau, er ræðir um í lögum nr. 3, 1923.

Reglugerðin er sett með heimild í 45. gr. áfengislaganna 64, 1930 og er sett til varnar „gegn misbrúkun við sölu og veitingu vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, og um hæfilegan skipsforða af vinum þessum. —“ Kærður hefir véfengt, að ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar hafi stoð í áfengislögunum, en á það verður ekki fallt. Í 45. gr. áfengislaganna eru að visu vín þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, 1923, undanþegin ákvæðum þeirra „um innflutning, veitingu, sölu, heimilisnotkun og flutning um landið“. En þótt vín þessi séu þannig undanþegin aðflutningsbanni því, sem í áfengislögunum felst, er ekki þar með sagt, að takmarkanir á innflutningi þeirra vína verði ekki settur samkvæmt þeim.

Í greininni er einmitt boðið að setja reglugerð um

varnir gegn misbrúkun við sölu og veitingu vínanna. Til þess að slíkum vörnum verði komið við á viðeigandi hátt, er það óhjákvæmilegt, að setja reglur og takmarkanir um innflutninginn og verður það að teljast eitt meginskiilyrði þess, að slíkum vörnum verði haldið uppi. Það verður því ekki á það fallið að reglugerðargjafinn hafi með þessu ákvæði farið út fyrir heimild sína samkvæmt áfengislögunum.

Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 108, 1931 skulu brot gegn henni fara eftir fyrirmælum laga nr. 69, 1928 og 64, 1930. Samkvæmt 45. gr. áfengislaganna varðar brot gegn þeim reglum, sem settar eru um meðferð hinna undanþegnu vína, sektum samkvæmt þeim lögum. Það ber því ekki að gera mun á óleyfilegri meðferð áfengis eftir því hvort vínin eru leyfð i landinu eða bönnuð og ber því að tiltaka refsinguna fyrir ólöglegan innflutning hinna leyfðu vína eftir 27. gr. áfengislaganna.

Samkvæmt framansögðu ber að tiltaka refsingu kærðs samkvæmt 12. gr. laga nr. 69, 1928 og 27. gr. 2. tll. áfengislaganna 64, 1930, með því að sannað má telja, að áfengið sé ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun.

Með tilliti til málavaxta þykir refsing hans, sem ekki hefir sætt ákæru eða refsingu áður, svo kunnugt sé, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 12 daga einföldu fangelsi. Hið ólöglega innflutta áfengi sé upptækt og eign rikissjóðs. Kærður greiði allan kostnað sakarinnar. Á málinu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.